

Alþingi
Erindi nr. P 139/ 688
komudagur 6.12. 2010

3.12.2010

Menntamálanefnd Alþingis.

Samkvæmt ósk um umsagnabeiðni í máli 45 á 139. löggjafarþingi

Um Vestfirði sem vettvangur kennslu í sjávarútvegsfræðum leyfi ég mér undirritaður að koma eftirfarandi á framfæri.

Ekkert erindi hefur formlega/skriflega borist Fisktækniskóla Suðurnesja í Grindavík um þetta efni. Ástæða þessara skrifa er að undirritaður rakst á lista um umsagnaraðila á vef alþingis.

Svar við erindi.

Það er mat Fisktækniskóla Suðurnesja í Grindavík að ekki sé skynsamlegt að eyrnamerkja fjármagn til verkefna í menntun á sviði sjávarútvegs til einstakra landsvæða eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni.

Það er mat aðstandenda Fisktækniskólans að fjárveitingar til menntunar og rannsókna (í sjávarútvegi sem öðrum sviðu) eigi að taka mið af verkefnum og á grundvelli faglegs mats, en ekki sértækra byggðasjónarmiða.

Virðingarfyllst,
Ólafur Jón Arnbjörnsson,
Fisktækniskóla Suðurnesja í Grindavík